

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um öryggi gangandi í Norðlingaholti

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. maí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um öryggi gangandi í Norðlingaholti
Mál nr. US220100
Lagt er til að í samráði við íbúa farið verði í stóratök í öryggi gangandi í Norðlingaholti. Lagt er til að þar sem þörfin er mest verði lagðar snjallgangbrautir.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Umsögn:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar vill benda á að nú þegar hefur verið farið í ýmsar aðgerðir til að bæta öryggi gangandi vegfarandi en einnig eru ýmsar aðgerðir fyrirhugaðar í hverfinu.

Í umferðaröryggisaðgerðarpakka sem samþykktur var í Umhverfis- og skipulagsráði þann 10. ágúst sl. var m.a. samþykkt að fara í aðgerðir til að bæta öryggi gangandi vegfarenda við Krókavað, þá sérstaklega barna á leið til og frá skóla. Einnig var við það tilefni samþykkt að setja upp hraðalækkandi öldu vestan Ferjuvaðs. Að auki var samþykkt að halda áfram með hönnun með það í huga að bjóða út upphækkaða gangbraut með bættri lýsingu yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut.

Elliðabraut er enn í uppbyggingu og því á eftir að fullgera gangstéttir og stíga á því svæði. Stefnt er að því að lækka hámarkshraða og setja upp hraðalækkandi aðgerðir til að stemma stigu við hraðaakstri.

Einnig hefur borgin verið í samtali við skólastjórnendur um mögulegar aðgerðir til að auka öryggi skólabarna til og frá skóla og mun halda því samtali gangandi.

Í samræmi við stefnu borgarinnar forgangsraðar sviðið aðgerðum til að reyna hámarka árangur í að fyrirbyggja alvarleg slys a. Skrifstofan telur ekki tilefni til þess að forgangsraða verkefnum í Norðlingaholti framar öðrum umferðaröryggisaðgerðum í borgarlandinu.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri